

## Dómsorð:

Stefndi, Almennar tryggingar h/f, greiði stefnanda, Magnúsi Vigfússyni, kr. 16.018.39 með 6% ársvöxtum frá 5. júní 1947 til greiðsludags og kr. 1800.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 23. apríl 1951.

Nr. 69/1949. **Jóhann Kristjánsson** (Ólafur Þorgrímsson)  
 gegn  
**Böðvari Jónssyni** (Einar B. Guðmundsson).

Setudómarar hrl. Lárus Jóhannesson  
 og próf. Ólafur Lárusson í stað hrd.  
 Jóns Ásbjörnssonar og hrd. Jónatans  
 Hallvarðssonar.

Kaupkrafa.

**Dómur Hæstaréttar.**

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. apríl 1949, að fengnu áfrýjunarleyfi 31. marz s. á. Krefst hann aðallega algerrar sýknu, en til vara lækkunar á kröfum stefnda í málinu. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar af áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 1000.00.

## Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Jóhann Kristjánsson, greiði stefnda, Böðvari Jónssyni, málskostnað í Hæstarétti, kr. 1000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur bæjarþings Reykjavíkur 29. nóv. 1948.**

Mál þetta, sem dómtekið var 17. þ. m., hefur Böðvar Jónsson, Norður-hjáleigu, Álftaveri í Skaftafellssýslu, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 1. apríl s.l., gegn Jóhanni Kristjánssyni byggingameistara, Auðarstræti 17 hér í bæ, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 5748.60 auk 6% ársvaxta frá 1. jan. 1948 til greiðsludags, og málskostnaðar að mati dómara.

Stefndi hefur *adallega* krafizt sýknu og málskostnaðar, en við munnlegan flutning málsins gerði hann þá varakröfu, að dómkrafa stefnanda yrði lækkuð verulega og málskostnaður látinn falla niður.

Málavextir eru þeir, sem hér greinir:

Í október 1946 réðst stefnandi til stefnda sem húsasmíðanemi, en skriflegur námssamningur var þá ekki gerður. Mun það hafa stafað af því, að stefndi gat ekki fengið samþykki Trésmíðafélags Reykjavíkur til að taka nema fyrir en eftir áramót 1946—47. Var umtalað milli aðilja, að stefnandi fengi námssamning eftir áramótin, en hann mun hafa haft loforð stefnda fyrir, að samningurinn tæki gildi frá þeim tíma, er han hóf vinnu, þótt ekki yrði gengið formlega frá honum fyrir en síðar. Laun stefnanda voru kr. 5.50 á klukkustund, jafnt fyrir eftirvinnu sem dagvinnu. Á þessum tíma var grunnkaup nemenda á fyrsta ári í húsasmíði samkvæmt taxta trésmíðafélagsins kr. 195 á mánuði. Laun í almennri verkamannavinnu á þessum tíma voru frá kr. 7.79—8.37 á klukkustund í dagvinnu og frá kr. 11.70—12.58 í eftirvinnu. Hinn 25. marz 1947 fékk stefndi leyfi Trésmíðafélags Reykjavíkur til að taka nema í iðninni, en ekki varð þó af, að formlegir samningar yrðu gerðir milli málsaðilja. Og fyrri hluta apríl hætti stefnandi störfum hjá stefnda. Ber málsaðiljum eigi saman um tildrög þess. Stefnandi kveðst hafa farið sökum þess, að hann fékk ekki formlegan námssamning hjá stefnda, þrátt fyrir kröfur sínar í þá átt. Stefnandi skýrir hins vegar svo frá, að hann hafi boðizt til að gera námssamning við stefnanda, þegar hann hafði fengið leyfi trésmíðafélagsins til að taka nema. Stefnandi hafi þá sagt, að hann hyggðist fara heim til sín um páskana, sem þá voru framundan, og að hann óskaði ekki að gera samninginn, fyrir en hann kæmi aftur. Eftir páska segir stefndi, að stefnandi hafi tilkynnt honum, að hann væri orðinn leiður að starfa við smíðar og vildi því hætta náminu. Hafi það orðið úr, að stefnandi hætti, þrátt fyrir loforð stefnda að gera þá formlegan námssamning. Stefnandi hefur viðurkennt að hafa lofað stefnanda, er hann fór frá honum, að greiða nokkra uppbot á laun hans, ef það mætti verða til þess, að hann færi ánægðari. Hins vegar neitar stefndi því að hafa tiltekið nokkra fjárhæð eða greiðslutíma í þessu sambandi.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að stefndi hafi brugðizt skyldu sinni um að gera við hann löglegan námssamning, og hafi hann því haft réttmæta ástæðu til að hætta störfum hjá honum. Telur hann sig eiga að fá gervismíðakaup auk orlofsfjár fyrir þann tíma, sem hann starfaði hjá stefnda, þar eð hann hafi starfað fyrir lægra kaup í trausti þess, að hann ynni hjá stefnda sem nemandi.

Stefndi byggir kröfur sínar á því, að stefnandi hafi sagt upp námssamningnum og að hann hafi þegar fengið greitt það kaup, sem honum bar samkvæmt samningum aðilja.

Gegn mótmælum stefnanda hefur stefndi ekki fært sönnur að því, að hann hafi gert ráðstafanir til að gera námssamning við stefnanda, svo sem honum bar samkvæmt 1. gr. laga nr. 100 frá 1938, sbr. lög nr. 43 frá 1940. Verður því að telja, að stefnanda hafi verið heimilt að rifta ráðningu sinni. Þykir mega fallast á, að honum beri venjulegt verkamannakaup fyrir vinnu sína hjá stefnda, enda er ósannað gegn mótmælum stefnda, að stefnandi hafi unnið að þeim störfum, sem greidd voru með svokölluðu gervismiðakaupi.

Laun verkamanna á klukkustund samkvæmt taxta Verkamannafélagsins Dagsbrúnar voru á framangreindum tíma sem hér segir.

Á sama tíma vann stefnandi hjá stefnda.

|               | Dagvinna | Eftirvinna | Í dagvinnu  | Í eftirvinnu |
|---------------|----------|------------|-------------|--------------|
|               | kr.      | kr.        |             |              |
| Í október '46 | 7.79     | 11.70      | 141 stundir | 27 stundir   |
| — nóvember —  | 8.00     | 12.02      | 194 —       | 38 —         |
| — desember —  | 8.03     | 12.06      | 132 —       | 27 —         |
| — janúar '47  | 8.11     | 12.18      | 191 —       | 41 —         |
| — febrúar —   | 8.22     | 12.34      | 195 —       | 40 —         |
| — marz —      | 8.37     | 12.58      | 192 —       | 40 —         |
| — apríl —     | 8.22     | 12.34      | 22 —        | 4 —          |

Samkvæmt þessu ber stefnanda í laun kr. 11.283.91. Áður hefur stefndi greitt honum kr. 7062.00. Mismun þessara fjárhæða, kr. 4221.91, ber stefnda að greiða stefnanda ásamt vöxtum, eins og krafizt er í stefnu, svo og orlofsfé, sem samkvæmt framanrituðu nemur kr. 416.00. Málskostnaður til handa stefnanda telst hæfilega ákveðinn kr. 700.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

#### Dómsorð:

Stefndi, Jóhann Kristjánsson, greiði stefnanda, Bøðvari Jónssyni, kr. 4221.91 með 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1948 til greiðsludags, kr. 416.00 í orlofsfé og kr. 700.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.